



Egilsstaðaskóli



Námslýsing

Valgreinar 8.-10.bekkur

2020



Val í 8.og 10.bekk í Egilsstaðaskóla

Samkvæmt grunnskólalögum nr. 91 frá 2008 skulu nemendur á elsta stigi eiga kost á vali um námsgreinar. Nemendur í 8. og 10.bekk skulu samkvæmt Aðalnámskrá eiga kost á vali fimmtung námstímans. Í Egilsstaðaskóla er val 6 kennslustundir á viku í 8.-10.bekk og svæði 4 kennslustundir á viku.

Markmiðið með vali er að gefa nemendum tækifæri til þess að velja viðfangsefni í skólanum í tengslum við áhugasvið, styrkleika og framtíðaráform.

Í hverju valnámskeiði er metin hæfni á námssviði með tilliti til hæfniviðmiða námskeiðsins, sem sjá má inn á Mentor. Metið er eftir námsmatskvarða skólans: A– framúrskarandi hæfni, B—góð hæfni, C- sæmleg hæfni og D—hæfni ábótarvant.

Nemendur færa leiðarbók um vinnu sína á í öllum list- og verkvali og er hún hluti af mati á námssviði. Leiðarbókin gengur undir heitinu valbók og í henni eru einnig sýnishorn af vinnu nemenda og myndir. Nemendur fá valbók afhenta í 8.bekk, en nota hana til loka 10.bekkjar. Einkunn í hverju vali fyrir sig birtast einnig á vitnisburðarblaði að vori.

Heimilt er samkvæmt grunnskólalögum að meta skipulagt nám sem stundað er utan grunnskóla sem hluta af vali í grunnskóla. Þar er t.d. átt við nám við ME eða tónlistarskóla. Auk þess er að ósk foreldra heimilt að meta þátttöku í íþróttum eða skipulögðu sjálfboðastarfi sem hluta náms. Þetta fyrirkomulag er nefnt utanskólaval. Nemendur geta valið nám við ME, tónlistarskóla, íþróttir eða skátastarf einu sinni yfir veturinn, þ.e. eitt val tímabil. Það jafngildir einni kennslustund á viku á grundvelli skólaársins. Ef nemandi hefur valið utanskólaval, staðfesta foreldrar með undirskrift sinni að nemandur taki þátt í skipulögðu tómstundastarfi eða öðru námi sem skólinn viðurkennir.

Nemendur verða að skila valblaðinu miðvikudaginn 18. des. Skili nemendur ekki inn valblaði á réttum tíma er óvíst að hve miklu leyti hægt er að taka tillit til óska þeirra. Foreldrar eru hvattir til að skoða valið vel með sínum börnum og aðstoða þau við að velja það sem þeim hentar best. Foreldrar undirrita valblað nemenda og staðfesta þannig val nemenda.

Með kveðju, Ruth Magnúsdóttir, skólastjóri

Í vetur verður valinu skipt í tvennt, list- og verkgreinaval annars vegar og samval hins vegar. List- og verkgreinaval er skipt niður í sex valtímabil og er hvert þeirra í kringum sex vikur á lengd, fjórar kennslustundir á viku. Samval er skipt niður í 4 tímabil um níu vikur á lengd, tvær kennslustundir á viku. Nemendur velja nú fyrir helminginn af vefrinum. Þeir merkja við frá 1 upp í 3 á hverju tímabili, eftir forgangi. Reynt er að koma til móts við val nemenda eins og hægt er.

Mánudagar List- og verk- val Kl.12:50-14:00	Þriðjudagar Samval Kl.14:10-15:30	Fimmtudagar List- og verk- val Kl.14:10-15:30
---	---	---

List- og verkval 6 tímabil 1. tímabil: 29. ágúst – 3 okt 2. tímabil: 7. okt – 14 nóv 3. tímabil: 18. nóv – 6. jan 4. tímabil: 9. jan – 13 feb 5. tímabil: 24. feb – 2 apríl 6. tímabil: 16. apríl – 28. maí	Samval 4 tímabil 1. tímabil: 27. ágúst – 22. okt 2. tímabil: 29. okt – 14. jan 3. tímabil: 21. jan – 17. mars 4. tímabil: 24. mars – 26. maí
---	--

List- og verkval tímabil 4, 5 og 6

Heimilisfræði



Kennari: Sigurlaug Jónasdóttir

Í heimilisfræðitímum er boðið upp á fjölbreytt nám í heimilishaldi. Lögð er áhersla á fjölbreytta matreiðslu, næringarfræði, hreinlæti og neytendafræðslu. Nemendur læra að matreiða og baka eftir einföldum og fjölbreyttum uppskriftum. Lögð er áhersla á að nemendur temji sér vandvirkni og góða umgengni.

Hæfnimarkmið eru eftirfarandi:

- tjáð sig um heilbrigða lífshætti tengsl þeirra við heilsufar og sett í samhengi við ábyrgð hvers og eins á hans eigið heilsufar
- farið eftir leiðbeiningum um hreinlæti og þrif tengdu heimilishaldi og matreiðslu
- beitt helstu matreiðsluaðferðum og notað til þess ýmis mæli- og eldhúshöld
- skipulagt og matreitt fjölbreyttar, hollar og vel samsettar máltíðir úr algengu og nýstárlegu hráefni með áherslu á hagkvæmni og nýtni
- greint helstu þætti sem hafa áhrif á útgjöld við heimilishald
- sagt frá íslenskri og erlendri matarmenningu og matreitt ýmsa þjóðarétti.

Námsmat: Hæfniviðmið í námslotu þar sem m.a. er metin valbók og sjálfsmat nemenda. Þá er símat í verklegri kennslu sem byggir á vinnusemi, áhuga, hegðun, frágangi í stofu og afurð.

List- og verkval

4. tímabil 9. jan – 13. feb

Leiklist – og leikræn tjáning



Kennari: NN

Við verðum á töluverðri hreyfingu og þurfum að vera óhrædd við að vera þínu kjánaleg. Við munum fara í allskyns leiki sem reyna á mismunandi þætti og reyna oftár en ekki svolítið á þægindarammann okkar. Við munum m.a. vinna með spunaleiki og æfingar, raddbeitingu, líkamsbeitingu og samvinnu.

Markmið að nemandi:

- Geti unnið í hópi að fjölbreyttum leiklistarverkefnum.
- Bæði veitt og tekið á móti uppbyggilegri gagnrýni og nýtt sér hana inn í vinnuferli í leiklist.
- Prófað sig áfram og valið úr túlkunarleiðum á mismunandi tegundum leiktexta.
- Túlkað leikpersónu á sviði í góðu samspili við meðleikara.
- Beitt rými, radd- og líkamsbeitingu á meðvitaðan hátt til þess að styrkja túlkun sína.

Námsmat: Nemendur verða metnir eftir hæfniviðmiðum í námslotu, skila inn valbók þar sem mikilvægt er að þeir fari yfir ferli námskeiðsins.

Framlag til góðverka

Kennarar: Esther Kjartansdóttir og Ingibjörg Sóley Guðmundsdóttir

Hvernig getum við látið gott af okkur leiða ?

- Við ætlum að vera í samstarfi við aðila í nærsamfélaginu um að gera góðverk, aðstoða og hjálpa þar sem við getum.
- Við ætlum að kynna okkur þau góðgerðar og hjálparsamtök sem eru í kringum okkur og samtök á heimsvísu.
- Við ætlum að taka þátt í allskonar góðgerðarverkefnum. Föt sem framlag á vegum Rauða krossins. Fataverkefni Frú Ragnheiðar á vegum Rauða krossins, Dress a girl around the world verkefninu og Sjúkrabilaböngsum.

Nemendur taka þátt í mismunandi verkefnum, láta gott af sér leiða. Nemendur bera ábyrgð á þeim verkefnum sem þeir taka sér fyrir hendur og þurfa að tryggja að þeim sé lokið á tímabilinu.

Námsmat: Valbók, Frammistöðumat út frá lykilhæfni og hæfni á námssviði, Virkni og frumkvæði og sjálfsmat nemenda



Þorralótsgrín

Kennarar: Hrefna Hlín Sigurðardóttir



Markmið:

- Að nemendur læri og æfist í að nota einföld úrvinnsluforrit í iPad eða Windows.
- Að nemendur þjálfist í að skrifa handrit.
- Að nemendur þjálfist í hópavinnu.
- Hæfniviðmið – sjá Mentor.

Nemendur búa til skemmtileg myndbandsbrot sem verða sýnd á þorralóti unglingsstígs. Nemendur þjálfast í að nota tækni forrit til að taka upp og vinna stafránt efni.

Markmið:

- Geti tekið þátt í samvinnu með sameiginlegt markmið hópsins að leiðarljósi
- taki á móti tilfallandi verkefnum af ábyrgð og jákvæðni
- Geti unnið í hóp að leiklistarverkefni og öllum þeim störfum sem því tilheyri
- Geti veitt og tekið á móti uppbyggilegri gagnrýni og nýtt sér hana í vinnuferlinu
- Geti prófað sig áfram og tekið sjálfstæðar ákvarðanir í sköpunarferlinu og valið úr mismunandi leiðum við túlkun leiktexta
- Geti nýtt sér leikmuni, búninga, einfaldan sviðsbúnað og tækni til þess að styrkja sköpun sína
- Geti skrásett og rökstutt eigið vinnuferli í leiklist

Námsmat:

Hæfniviðmið í námslotu– sjá á Mentor.

Ávaxta-/grænmetiskarfa

Kennari: Óttar Brjánn Eypórsson

Markmið að nemandi:

- Læri að vinna með við og kynnist eðli og eiginleikum efniviðarins.
- Læri að skipuleggja verkferlið til að lágmarka hættu á mistökum.
- Læri að umgangast og nota vélar og verkfæri á réttan og öruggan hátt
- Læri að þússun og yfirborðsmeðhöndlun skiptir sköpum þegar kemur að loka útliti.

Námsmat: Frammistöðumat út frá hæfni á námssviði, valbók og sjálfsmati nemenda.



BreakoutEDU

Kennari: Jón Magnússon

Markmið:

- Að nemendur þjálfist í rök-hugsun og lausnaleit.
- Skapi sínar eigin þrautir.
- Nemendur þjálfast í samvinnu.



Hvað verður gert?

- Nemendur keppast um það að komast út úr læstu herbergi á sem skemmstum tíma.
- Leysa þrautir og vinna saman að sameiginlegu markmiði
- Útbúi sínar eigin þrautir og leyfa öðrum að reyna við þær.

Námsmat: Hæfniviðmið í námslotu og sjálfsmati nemenda

Prykk/Grafík/Dúkrista

Kennari: Kristín Hlíðkvist

Markmið:

- Að nemandi geti hagnýtt þá sérhæfðu leikni og þekkingu sem hann hefur öðlast á skapandi hátt og sýnt frumkvæði.
- Að nemandi kynnist sögu prentlistar á Íslandi og hvernig listamenn hafa notað þessa aðferð í listsköpun sinni.
- Að kunna að ganga frá verkum til sýningar.
- Að sýna ábyrgð með notkun efna og áhalda og góða umgengni á vinnusvæði.



Viðfangsefni:

Nemendur gera tilraunir með nokkrar prykkaðferðir og að skera mynd út í linoleum-dúk sem síðar er hægt að prykkja. Nemendur læra að merkja myndir sínar samkvæmt reglum í grafík og ganga frá þeim til sýningar. Nemendur skrifa verklýsingar í valbók og safna sýnishornum í möppu sem metin verður til einkunnar.

Námsmat: Frammistöðumat út frá metanlegum hæfniviðmiðum og sjálfsmat nemanda (valbók).



List- og verkval

5. tímabil 24. feb – 2. apríl.

Samkvæmisdansar


Valið verður í námskeiðsformi og verður helgina 11.-12. janúar.

Kennarar: Nicoló Barbizi og Sara Rós Jakobsdóttir


Markmið:

- Samhæft tónlist og hreyfingu með góðri líkamsvitund og líkamsbeitingu og dansað mismunandi dansform sér til ánægðu.
- Sýnt öryggi og færni til að dansa einn eða sem hluti af pari eða hópi.
- Tekið þátt í skapandi vinnuferli í dansi.
- Að dansa fyrir framan áhorfendur

Á námskeiðinu munu nemendur læra undirstöðu í nokkrum samkvæmisdönsum og læra rútfnu í öllum dönsunum. Einnig munu þau læra mikilvæg tækniatriði sem styðja við hvern dans og sögu á bakvið dansinn. Námskeiði verður þétt svo farið verður djúpt í dansinn á stuttum tíma og munu nemendur einnig kynnast samskiptum og náðinni sem tengist dansinum.



Leiklist og leikræn tjáning



Kennari: NN

Farið í gegnum ýmiskonar leiklistaræfingar og tjáningarform. Eins verður tiplað á handritagerð og fá nemendur tækifæri til að skrifa handrit að örleikritum sem þeir setja upp á námskeiðinu. Mikilvægt er að nemendur séu tilbúnir í nána samvinnu og séu tilbúnir að víkka út þægindarammann.

Markmið að nemandi:

- Geti unnið í hópi að fjölbreyttum leiklistarverkefnum.
- Bæði veitt og tekið á móti uppbyggilegri gagnrýni og nýtt sér hana inn í vinnuferli í leiklist.
- Prófað sig áfram og valið úr túlkunarleiðum á mismunandi tegundum leiktexta.
- Túlkad leikpersónu á sviði í góðu samspili við meðleikara.
- Beitt rými, radd- og líkamsbeitingu á meðvitaðan hátt til þess að styrkja túlkun sína.
- Valið milli mismunandi aðferða við sviðssetningu, bæði hvað varðar frásagnarform og leikstíl, prófað sig áfram og tekið sjálfstæðar ákvarðanir í sköpunarferlinu.
- Skrifað handrit að stuttu leikverki þar sem beitt er grunnreglum við uppsetningu leikhandrits fyrir svið og/eða myndmiðla.
- Nýtt sér leikmuni, búninga, einfaldan sviðsbúnað og tækni til þess að styrkja sköpun sína á markvissan hátt.
- Valið milli forma og stíls í eigin sköpun og rökstutt val sitt.

Námsmat: Nemendur verða metnir eftir hæfniviðmiðum Aðalnámskrár. Nemendur skila inn valbók þar sem mikilvægt er að þeir fari yfir ferli námskeiðsins.

Leirmótun

Kennari: Kristín Hlíðkvist Skúladóttir

Markmið:

- Að nemendur kynnist möguleikum jarðleirs til nytja – og listsköpunar og fræðist um listamenn, verk og tækni.
- Að nemendur geti unnið sjálfstætt eftir vinnuferli frá hugmynd til loka-afurðar og greint frá mismunandi nálgun við vinnuna.
- Að nemendur geti gagnrýnt af þekkingu, sanngirni og virðingu eigin verk og annarra.



Viðfangsefni:

Nemendur læra nokkrar aðferðir til leirmótunnar og vinna hluti samkvæmt þeim. Einnig læra þeir um meðferð glerunga. Nemendur gera vinnuteikningar yfir hluti sína og skrá verklýsingu yfir vinnuferli í valbók.

Námsmat:

Frammistöðumat út frá metanlegum hæfniviðmiðum og sjálfsmat nemanda (valbók).



Útsaumur

Kennari: Esther Kjartansdóttir

Markmið: Að nemendur auki færni sína á sviðinu og dýpki þekkingu sýna á faginu.

Verkefni:

- Saumuð verður verkefni þar sem nemendur þurfa að nota mismunandi útsaumsaðferðir. Verkefnið er að lokum sett upp.
- Saumtegundir sem verða notaðar eru t.d. að kapmella, svartsaumur, harðangur og klaustur, hvítsaumur, þrívíddarsaumur og sitthvað fleira sem okkur dettur í hug.

ATH það er ekki verið að fara að sauma krosssaum.

Námsmat: Frammistöðumat út frá lykilhæfni og hæfni á námssviði, sjálfsmat nemanda.



Lampi

Kennari: Óttar Brjánn Eypórssón

Nemendur hanna og smíða lampa úr tré

Markmið að nemandi:

- Læri að vinna með og kynnast eðli og eiginleikum efniviðarins.
- Læri að skipuleggja verkferlið til að lágmarka hættu á mistökum.
- Læri að umgangast og nota vélar og verkfæri á réttan og öruggan hátt.
- Læri að tengja/skipta um kló á rafmagnssnúru.

Námsmat: Frammistöðumat út frá hæfni á námssviði, valbók og sjálfsmati nemenda.



Prjón

Kennari: Ingibjörg Sóley Guðmundsdóttir

Verkefni: Á námskeiðinu verður nemendum boðið upp á að ljúka við lopa-peysuna sem byrjað var á í haust. Aðrir nemendur geta slegist í hópinn og prjónað minni verkefni.

Markmið:

- Að nemendur læri að vinna eftir prjónauppskrift
- Að nemendur efli færni sína í prjóni


Námsmat: Frammistöðumat út frá lykilhæfni og hæfni á námssviði. Virkni og frumkvæði og sjálfsmat nemenda



List- og verkval

6. tímabil 16. apríl – 28. maí

Leiklist – og leikræn



Kennari: NN

Við verðum á töluverðri hreyfingu og þurfum að vera óhrædd við að vera þínu kjánaleg. Við munum fara í allskyns leiki sem reyna á mismunandi þætti og reyna oft en ekki svolítið á þægindarammann okkar. Við munum m.a. vinna með spuna-leiki og æfingar, raddbeitingu, líkamsbeitingu og samvinnu.

Markmið að nemandi:

- Geti unnið í hópi að fjölbreyttum leiklistarverkefnum.
- Bæði veitt og tekið á móti uppbyggilegri gagnrýni og nýtt sér hana inn í vinnuferli í leiklist.
- Prófað sig áfram og valið úr túlkunarleiðum á mismunandi tegundum leiktexta.
- Túlkað leikpersónu á sviði í góðu samspili við meðleikara.
- Beitt rými, radd- og líkamsbeitingu á meðvitaðan hátt til þess að styrkja túlkun sína.

Námsmat:

Nemendur verða metnir eftir hæfniviðmiðum Aðalnámskrár. Nemendur skila inn valbók þar sem mikilvægt er að þeir fari yfir ferli námskeiðsins.

Teikning og Málun

Kennari: Kristín Hlíðkvist Skúladóttir

Markmið:

- Að nemandi fræðist um nokkra íslenska og erlenda listamenn, lífshlaup þeirra, verk, og tækni.
- Að nemandi geti hagnýtt þá sérhæfðu leikni og þekkingu sem hann hefur öðlast á skapandi hátt og sýnt frumkvæði.
- Að nemandi læri að gagnrýna af sanngirni og virðingu eigin verk og annarra.



Viðfangsefni:

Nemendur fá kynningu á **listmálurum og mismunandi listastefnum**. Þeir teikna og mála ólík viðfangsefni með mismunandi aðferðum í anda þeirra. Áhersla verður lögð á mismunandi notkun efna og áhaldna.

Námsmat: Frammistöðumat út frá metanlegum hæfniviðmiðum og sjálfsmat nemanda (valbók).



BreakoutEDU



Kennari: Jón Magnússon

Markmið:

- Að nemendur þjálfist í rökhugsun og lausnaleit.
- Skapi sínar eigin þrautir.
- Nemendur þjálfast í samvinnu.

Hvað verður gert?

- Nemendur keppast um það að komast út úr læstu herbergi á sem skemmstum tíma.
- Leysa þrautir og vinna saman að sameiginlegu markmiði
- Útbúi sínar eigin þrautir og leyfa öðrum að reyna við þær.

Námsmat: Hæfniviðmið í námslotu og sjálfsmati nemenda

Kollur/Barstóll

Kennari: Óttar Brjánn Eypórsson

Smíðaður er kollur/barstóll

Markmið að nemandi:

- Læri að vinna með og kynnast eðli og eiginleikum efniviðarins.
- Læri að skipuleggja verkferlið til að lágmarka hættu á mistökum.
- Læri að umgangast og nota vélar og verkfæri á réttan og öruggan hátt.
- Kynnist algengum samsetningaraðferðum í trésmíði.
- Læri að grunnvinna skipti sköpum fyrir lokaútlit og yfirborðsmeðhöndlun

Námsmat: Frammistöðumat út frá hæfni á námssviði, valbók og sjálfsmati nemenda.



Fatasaumur

Kennari: Esther Kjartansdóttir

Markmið:

- *Að nemendur efli hæfni sína í vélsaumi og kynnist betur hugtökum og aðferðum við fatasaum.*

Verkefni:

Saumtækniæfingar, þar sem nemendur vinna þrúfur til að auka færni sína fatasaumi.


Nemendur vinna einstaklingsmiðuð verkefni út frá færni sinni í saumtækni.
setja í rennilás
buxnavasa
opinn vasa
ermi
gera hnappagöt
þekkingu og skilja tilganginn með sniðsaumum
dýpka þekkingu sína á að vinna flík eftir sniði

Nemandi vinnur verkefnabók með verklýsingum, myndum og þrúfum.

Farið yfir grunnatriði efnisfræði og mismunandi efni

Nemendi velur sér flík sem hann saumar frá grunni og vinnur verklýsingu samhliða verkefninu.

Námsmat: Frammistöðumat út frá lykilhæfni og hæfni á námssviði, sjálfsmat nemanda.



Hekl

Kennari: Ingibjörg Sóley Guðmundsdóttir

Markmið:

- Að nemendur læri undirstöðuatriði í hekli
- Að nemendur læri að fara eftir uppskrift í hekli
- Að nemendur öðlist sjálfstæði í vinnubrögðum sem tengjast hekli



Verkefni: Í upphafi vinna nemendur prufur þar sem undirstöðuatriðin eru kennd. Nemendur velja síðan verkefni við hæfi

Námsmat: Hæfniviðmið í námslotu og sjálfsmat nemanda (valbók)



Samval

3. tímabil 21. jan – 17. mars

Skák

Kennari: Sigfús Guttormsson

Að sjálfsögðu verður hér teflt og teflt. Stefnt er að því að fá skákfróða gesti í heimsókn til að leiðbeina nemendum svo þeir taki framförum í skák.

Markmið:

- Að nemendur njóti þess að tefla.
- Að efla færni og þekkingu nemenda í að tefla.
- Að efla rökhugsun.
- Að nemendur læri að keppa í skák og tileinki sér þær reglur sem gilda í slíkum keppnum.

Námsmat: Hæfniviðmið í námslotu og sjálfsmat nemanda (valbók)



Harry Potter

Kennari: Hrefna Hlín Sigurðardóttir

Við ætlum að skyggjast inn í galdraheim Harry Potter. Við ætlum að horfa á að minnsta kosti eina af kvikmyndunum um Harry Potter og komast að því hver er fróðastur um galdraheiminn í æsispennandi spurningakeppnum. Þú munt búa til þín eigin álög, töfradrykki, galdraskepnur eða líkan af einhverjum hluta af söguviði Harry Potter.

Markmið:

- Nemandi getur lesið, túlkað, metið og fjallað um fjölbreyttar íslenskar og erlendar bók-menntir og gert sér grein fyrir gildi bókmennta.
- Nemandi getur hlustað, tekið eftir og nýtt sér upplýsingar í töluðu máli, myndefni og tónlistar til fróðleiks og skemmtunar.

Námsmat: Hæfniviðmið í námslotu, virkni í kennslustundum og sjálfsmat í valbók.



Við erum allt

Kennari: Bylgja Borgþórsdóttir og Sigurbjörg Hvönn

⇒ *Hvernig getum við verið virkari þátttakendur í samfélaginu okkar?*

⇒ *Hvernig getum við gert samfélagið okkar betra?*



Nemendur kynnst hugtökum og kenningum varða borgaravitund, mannréttindi, jþátttöku í samfélagi, réttindi og skyldur.

Nemendur kynnst starfi ungmennaráðs, lýðræði samfélags og stjórnsýslunni. Fara verður í hópeflisleiki og í lokin verður auðvitað lokapartý

Markmið:

- að efla félagslegan þroska nemenda, styrkja þá á félagslegum vettvangi og þar með að styrkja sjálfsmynd og viðhorf þeirra til sín og annarra.
- að nemendur ígrundi eigin getu til aðgerða og geti gert sér grein fyrir afleiðingum gerða sinna eða aðgerðaleysis.

Námsmat: Hæfniviðmið í námslotu í Mentor og valbók

Spænska 1



Kennari: Dóra Matthíasdóttir

Buenos días!

Kannt þú að heilsa og kveðja á spænsku?

Eða panta gos á kaffihúsi?

Í Spænsku 1 munum við æfa okkur í grunnorðaförða og læra einföld og gagnleg samtöl. Einnig munum við átta okkur á hvar spænska er töluð og athuga hvaða fræga fólk við þekkjum sem er spænskumælandi. Við munum nota meðal annars tónlist, smáforrit og leiki.

Hasta pronto!

Markmið:

- Taka þátt í samskiptaleikjum og vinna samtalsæfingar.
- Læra nokkur orð sem tengjast þínu nánasta umhverfi.
- Sýna fram á að þú áttar þig á að mörg algeng orð í spænsku eru lík og skyld orðum sem þú þekkir.
- Kynnast tónlist frá Spáni og Suður- Ameríku.
- Læra að beita einföldum námsaðferðum sem auðvelda námið.

Námsmat:


Hæfniviðmið í námslotu og sjálfsmat í valbók

Skólahreysti

Kennari: Frosti Sigurðsson

Í þessu vali eru nemendur undirbúnir fyrir undankeppni Skólahreystis hér í skólanum. Reiknað er með að þeir sem velji Skólahreysti taki þátt í þeirri keppni. Alhliða þrek, hlaup og sprengikraftur verður þjálfaður til að byggja upp almennt hreysti.

Einnig munu nemendur æfa sig í þeim þrautum sem keppt er í, í skólahreysti.



Markmið:

- Að kynnast og öðlist færni í keppnisgreinum skólahreysti.
- Að geti unnið bæði sjálfstætt og með öðrum.
- Að geri sér grein fyrir styrkleikum sínum og nýti sér þá.

Námsmat: Hæfniviðmið í námslotu þar sem metin er m.a. valbókin, sjálfsmat nemenda



Bíómyndir


Kennari: Auður Dögg Pálsdóttir

Í valinu horfa nemendur á nokkrar vel valdar kvikmyndir, nýjar og eldri, og vinna stutt verkefni út frá þeim. Nemendur læra m.a. að fylgjast með kvikmyndum á enskri tungu, með enskum texta, og ná söguþræði kvikmynda. Reynt verður að rýna í kvikmyndirnar og ræða mismunandi sjónarhorn, sögumenn, tegundir kvikmynda, persónusköpun o.fl.

Markmið:

- Án vandkvæða fylgst með aðgengilegu efni í fjöl- og myndmiðlum sér til gagns og ánægju, sagt frá og unnið úr.
- Nýtt sér kvikmyndir og tekið afstöðu til þess sem þar er birt.
- Tjáð hugmyndir sínar og skoðanir og fært rök fyrir þeim.

Námsmat: Hæfniviðmið í námslotu, í valbók.



Samval

4. tímabil 24. mars – 26. maí

Götubolti (street ball)

Kennari: Frosti Sigurðsson

Útikörfubolti spilaður (í vonandi góðu veðri) á nýja glæsilega útivellinum okkar.

Markmið:

- Læra leikreglur
- Tekið þátt í hópíþrótt
- Skilið mikilvægi virðingar og góðrar framkomu til að efla liðsandann

Námsmat: Hæfniviðmið í námslotu, í valbók.



Spænska 2

Kennari: Dóra Matthíasdóttir

Buenos días! Nú ertu búin(n) að læra nokkur orð í spænsku og búinn að læra að heilsa og kveðja. Þá er komið að því að bæta við orðaforðann og samskiptafærnina. Við munum halda áfram að kynna okkur vinsæla tónlist og leika okkur í orðaforðaleikjum. Við kynnum okkur spænska- og suður-ameríska menningu og æfum okkur í að spjalla saman. Hasta pronto!

Markmið:

- Taka þátt í samskiptaleikjum og vinna samtalsæfingar.
- Læra nokkur orð sem tengjast þínu nánasta umhverfi.
- Sýna fram á að þú áttar þig á að mörg algeng orð í spænsku eru lík og skyld orðum sem þú þekkir.
- Kynnast tónlist frá Spáni og Suður- Ameríku.
- Læra að beita einföldum námsaðferðum sem auðvelda námið.

Námsmat: Hæfniviðmið í námslotu og sjálfsmat í valbók



Skapandi skrif

Kennari: Sigfús Guttomsson

Nemendur þjálf sig í ritun og í að skrifa mismunandi texta. Til dæmis ljóð, smásögur, blaðagreinar, örsögur, dagbækur, bréf og fleira. Sterkar hliðar hvers og eins nýttar og styrktar enn frekar. Góðir gestir sem hafa unnið við skrif koma í heimsókn.

Markmið:

- Að nemendur njóti þess að skrifa á skapandi hátt.
- Nemendur þjálfast í að semja texta.
- Að nemandi geti valið og skrifað mismunandi textagerðir.
- Að nemandi geti tjáð hugmyndir sínar og skoðanir og fært rök fyrir þeim í rituðu máli.

Námsmat: Hæfniviðmið í námslotu og sjálfsmat í valbók



Námssprettur– heimanám



Kennari: Auður Dögg Pálsdóttir

Markmið:

- Tekið frumkvæði í námi sínu og verið sjálfstæður ábyrgur í vinnubrögðum.
- Sett sér raunhæf markmið um frammistöðu og framvindu eigin náms, unnið eftir þeim og lagt mat á hvernig hefur tekist til.
- Skipulagt og borið ábyrgð á eigin námi með hliðsjón á hæfni viðmiðum aðalnámskrár, skipulagt og endurskoðað með tilliti til mats á árangri.

Leiðir:

Nemendur fá persónulega námsaðstoð og kynningu á aðferðum til að auka sjálfstraust í námi sem nýtist bæði í skóla og heima. Nemendur geta unnið heimanám í tímum ásamt því að læra leiðir til að auka getu sína í námi.

Námsmat: Hæfniviðmið í námslotu, í valbók.

-

Kynjafræði, hinseginfræði og jafnréttismál

Kennarar: Bylgja Borgþórsdóttir og Sigurbjörg Hvönn

Við munum fara í hópleiki, fræðast um jafnrétti, kynjafræði, hinseginmál og fleira. Við munum fá heimsóknir og almennt hafa mjög gaman í þessum tímum.

Markmið:

- Beitt hugtökum kyn, kynhneigð og kynhlutverk og útskýrt hvaða hlutverki þau þjóna í kyngervi einstaklinga og sjálfsmýnda.
- Vegið og metið skoðanir og upplýsingar, brugðist við þeim á fordómalausum og réttlátum hátt
- Sýna fram á skilning á mikilvægi þess að bera virðingu fyrir sjálfum sér og öðrum, fyrir mannréttindum, félagslegu réttlæti, jöfnuði og helgi mannlegs lífs.
- Rökstutt gildi jákvæðra lífsviðhorfa, dygða og gildismats, sem mikilvægs þáttar í heilbrigðri sjálfsvitund
- að efla meðvitund nemenda um jafnréttismál og auka sýn á lýðræði, jafnrétti og stöðu kynjanna og efla skilning á hugtökum tengdum kynjafræði og lýðræði.

Námsmat: Hæfniviðmið í námslotu, í valbók.

